



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 8. okt. 2018 – 31. mars 2019

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Fulltrúi Flugklasans sótti ferðaráðstefnuna World Travel Market í London 5.-7. nóvember. Ráðstefnan er haldin árlega og er ein sú stærsta í heimi af þessu tagi. Þátttakan er í samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna og Íslandsstofu.

Flugklasinn og MN tóku þátt í ferðasýningunni Vakantiebeurs í Hollandi í byrjun janúar. Þátttakan þar var í tengslum við fyrirhuguð flug Voigt Travel beint frá Hollandi til Akureyrar. Sýningin var vel heppnuð og góð leið fyrir Flugklasann að kynna betur hollenska markaðinum.

Flugklasinn átti fulltrúa á Mannamóti seint í janúar og Mid-Atlantic um mánaðamótin janúar-febrúar. Mannamót er haldið af Markaðsstofum landshlutanna ár hvert og hefur vaxið á hverju ári. Mid-Atlantic er ein stærsta ferðaráðstefnan á Íslandi ár hvert og þar náðust um 60 fundir með ferðaskrifstofum áhugasömum um Norðurland.

Flugklasinn átti jafnframt fulltrúa á ferðaráðstefnunni ITB í Berlín, sem er ein sú stærsta í heimi ásamt WTM í Bretlandi.

Flugklasinn tók á móti fjölda blaðamanna á tímabilinu. Hluti af þessum blaðamönnum hafa nú skilað af sér efni eftir sína heimsókn. Mat Íslandsstofu á virði þeirrar umfjöllunar sem nú þegar er búin að birtast um Norðurland eru um 800 milljónir ISK.

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Mikill tími hefur farið undanfarna mánuði í vinnu með ferðaskrifstofunum sem fljúga til Akureyrar.

Breska ferðaskrifstofan Super Break starfrækti sitt annað tímabil í flugferðum beint til Akureyrar frá Bretlandi. Fyrsta flugið var 10. desember 2018 og var flogið alla föstudaga og mánudaga fram til 18. Mars – samtals 28 brottfarir frá 17 mismunandi flugvöllum í Bretlandi.

Super Break samdi við breska flugfélagið Titan Airways um framkvæmd flugferðanna í vetur, en það félag hefur mikla reynslu af mismunandi verkefnum víða um heim. Titan Airways varði miklum tíma í undirbúning fyrir flugin til Akureyrar og komu 7 fulltrúar þeirra í heimsókn í nóvember, áður en áætlunin hófst, til þess að skoða aðstæður og kynna fólkinu sem þjónustar flugin. Er þetta miklu meiri og betri undirbúningur heldur en Enter Air sýndi fyrir síðasta tímabil. Árangurinn lét ekki á sér standa – Titan Airways lentu á Akureyri alla daga eins og áætlun gerði ráð fyrir – einungis þurfti einu sinni að beina vél til Egilsstaða vegna veðurs, en eftir nokkurra klst bið kom hún svo til Akureyrar og flaug síðan út aftur. Á



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

aðfangadag lentu Titan Airways á Akureyri, þrátt fyrir að allt innanlandsflug lægi niðri þann dag. Super Break hefur samið við Titan Airways um áframhaldandi þjónustu á sínum flugferðum.

Alls komu um 4.500 farþegar á vegum Super Break til Akureyrar í vetur. Skv. mati Super Break skiluðu þessir farþegar um 500 milljónum ISK í hagkerfið á Norðurlandi á þessum tíma. Skv. könnun sem unnin var meðal farþega Super Break var meðaleyðsla hvers gests tæplega 70.000 kr. meðan á dvölinni stóð (fyrir utan fyrirfram keypta þjónustu Super Break s.s. gistingu, ferðir ofl.) Það þýðir yfir 300 milljónir í tekjur til fyrirtækja á svæðinu sem annars ekki kæmu til. Mikilvægi þessara flugferða er því gríðarlegt fyrir Akureyri og áfangastaðinn Norðurland. Það kom líka fram í könnuninni að gestirnir sem hingað koma eru mjög ánægðir með sína upplifun af áfangastaðnum og gef honum góða einkunn. Nokkuð var um að fólk sem kom síðasta vetur hafi komið aftur núna og jafnvel dæmi um fólk sem kom tvisvar nú í vetur.

Í ljósi alls þessa er afar gleðilegt að Super Break hefur nú tilkynnt um áframhaldandi flug næsta vetur. Tímabilið hjá þeim mun þó hefjast síðar en núna í vetur, þar sem sala í desember og janúar var undir væntingum. Fyrsta flugið verður 3. febrúar 2020 og til að byrja með verða 14 brottfarir settar í sölu. Super Break hefur þó möguleika á að bæta við þann fjölda ef sala gengur vel og er stefnt að því í þeirra áformum.

Í nóvember tilkynnti hollenska ferðaskrifstofan Voigt Travel um áform sín um leiguflug beint frá Hollandi til Akureyrar. Framundan er leiguflugssería í sumar, flogið verður vikulega á mánudögum frá Rotterdam til Akureyrar, alls 16 brottfarir frá 27. maí og fram í byrjun september. Hollenska flugfélagið Transavia mun annast flugið og nota til þess 149 sæta flugvélar. Sala er nú í fullum gangi og gengur vel. Auk farþega Voigt Travel frá Hollandi, gefst Norðlendingum einnig kostur á nýta þessi flug. Ferðaskrifstofa Akureyrar annast söluna og er bæði hægt að kaupa tilbúna viku-pakka eða stök flugsæti. Voigt Travel stefnir jafnframt að því að setja upp vetraráætlun, en hún er nú í undirbúningi.

Þessi áform Voigt Travel eru gríðarlega góð viðbót við starfsemi Super Break og verður til þess að vekja enn frekar áhuga á áfangastaðnum Norðurlandi. Voigt Travel er að fjárfesta verulega í markaðssetningu á Norðurlandi í Hollandi og hefur fengið til þess stuðning úr Flugþróunarsjóði. Flugklasinn vinnur náði með Voigt Travel að þessu, m.a. með móttöku blaðamanna, áhrifavalda og þeirra sölufólki hér á Norðurlandi. Einnig er nú unnið að undirbúningi ferðar með kvikmyndatökufólki frá Hollandi til að taka upp heimsókn Hollendinga til Norðurlands og framleiða markaðsefni um Norðurland fyrir Voigt Travel. Hjá Voigt Travel er horft til uppbyggingar til lengri tíma sem er auðvitað afar jákvætt fyrir áfangastaðinn Norðurland.

Skv. mati Voigt Travel þá ættu farþegar þeirra í sumar að skila 620 milljónum ISK inn í hagkerfið á Norðurlandi.

Verkefnastjóri Flugklasans sótti viðburðinn „Summer Event“ sem haldinn var af Voigt Travel í Amersfoort í Hollandi 24. mars s.l. Þar var Norðurland kynnt fyrir áhugasömum ferðamönnum sem voru að íhuga ferðalag til norður - Evrópu. Norðurland fékk mikla athygli og mun vonandi skila sér í auknum bókunum hjá Voigt Travel. Í framhaldi af þessum viðburði heimsótti verkefnastjóri skrifstofur Voigt Travel 25. mars til þess að ræða samstarfið og verkefni framundan.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Í lok mars átti verkefnastjóri Flugklasans fund með stóru erlendu flugfélagi sem Flugklasinn hefur átt í viðræðum við undanfarin ár. Þar kom fram að vegna ýmissra óvissuþátta og sviptinga í flugheiminum núna, þá væri áætlunarflug beint til Akureyrar ekki á dagskrá næstu 1-2 árin. Hins vegar var vilji til að halda tengslum og mögulega skoða áætlunarflug sem valkost innan nokkurra ára. Aukið leiguflug þangað til er æskilegt til að styrkja áfangastaðinn og gera hann meira aðlaðandi fyrir áætlunarflug.

Air Iceland Connect hefur verið með í gangi tengiflug milli KEF og AEY 4 sinnum í viku síðan í byrjun október 2018. Flogið var með minni 37 sæta vél AIC en nýting á fluginu hefur verið undir væntingum. Fyrir því eru ýmsar ástæður eins og skortur á markaðssetningu erlendis, verðlagning o.fl. Flugklasinn vinnur að því að tryggja að þessu tengiflugi verði haldið áfram, því tenging Akureyrarflugvallar við Keflavíkurflugvöll er afar mikilvæg í öllu tilliti.

Innra starf

Verið er að setja upp ILS búnað og gert er ráð fyrir að hann verði tilbúinn til notkunar í haust. Eins og áður hefur komið fram er þessi mikilvægi þess að hafa þennan búnað gríðarlegt, sérstaklega þegar kemur að viðræðum við erlenda flugrekstraraðila sem hafa áhuga á að fljúga beint til Akureyrar. Einnig er búnaðurinn mikilvægur til að auka notagildi flugvallarins sem varaflugvallar.

Verkefnastjóri flugklasans sat í starfshópi um aðstöðu fyrir flugfarþega í tengslum við millilandaflug á Akureyrarflugvelli, sem stofnaður var að frumkvæði Akureyrarbæjar. Fundað var reglulega á tímabilinu og var megináherslan að bæta aðstöðu á flugvellingum, fyrst til skamms tíma, svo betur megi taka á móti farþegum í millilandaflugi. Hópurinn hefur fundað með Isavia til þess að ýta á framkvæmdir og finna lausnir. Þrátt fyrir þrýsting liggur ekki fyrir í dag hvort og þá hvaða breytingar verða gerðar á flugstöðinni á þessu ári til þess að bæta aðbúnað farþega.

Flugklasinn AIR 66n og flugklasinn hjá Austurbrú hafa unnið saman að sameiginlegum hagsmunamálum gagnvart Isavia, stjórnvöldum og stofnunum. Flugklasinn hefur átt fjölda funda með Isavia í vetur varðandi framtíð í uppbyggingu og markaðssetningu Akureyrarflugvallar. Flugklasinn hefur einnig fundað með Íslandsstofu um markaðssetningu á Akureyrarflugvelli. Nokkur vilji er innan Isavia til að vinna með Fluglasanum að þessum málum, en aftur á móti engir fjármunir. Mögulega verður breyting þar á um næstu áramót, því er áætlanir stjórnvalda ná fram að ganga munu allir alþjóðaflugvellirnir verða settir undir sama hatt hjá Isavia.

Í mars átti verkefnastjóri Flugklasans fund með ráðherra ferðamála og fulltrúum frá Super Break um flug þeirra til Akureyrar, hvaða þýðingu það hefur fyrir svæðið o.s.frv. Verkefnastjóri sendi einnig ráðherra minnisblað um fjölmörg atriði sem snúa að uppbyggingu á flugvellingum og þýðingu aukins millilandaflugs fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Hvað er framundan?

Markaðssetning á áfangastaðnum Norðurlandi er verkefni sem á engan endapunkt. Unnið verður með innlendum og erlendum aðilum í framleiðslu á efni og birtingu þess sem víðast.

4.-7. apríl stendur Flugklasinn fyrir FAM ferð í samstarfi við Icelandair og Air Iceland Connect. Þá koma í heimsókn 15 aðilar frá mismunandi ferðskrifstofum í Evrópu til að kynna sér Norðurland, og nota auðvitað tengiflugið til að koma norður. Stefnt er að fleiri FAM ferðum á haustdögum.

Framundan er ráðstefnan Routes Europe þar sem flugfélög og áfangastaðir hittast. Hún verður haldin í Hannover í Þýskalandi 8.-10. apríl n.k. og mun Flugklasinn verða þar eins og undanfarin ár. Einnig er í skoðun hjá Flugklasnum að taka þátt í annarri svipaðri ráðstefnu í júní sem heitir Connect. Mjög mikilvægt er að fara á sýningar sem þessar til þess að festa áfangastaðinn Norðurland í sessi í hugum flugrekenda um allan heim.

Starf Flugklasans er að þróast og breytast með breyttum verkefnum. Þjónusta við þá aðila sem hingað eru að fljúga (Super Break og Voigt Travel) er nýr þáttur í starfinu og tekur mikinn tíma. Unnið er með Super Break að undirbúningi næsta vetrartímabils. Einnig er mikil vinna í gangi nú með Voigt Travel og framundan er vinnustofa á Norðurlandi í maí, stór blaðamannaferð í lok maí, komur fjölmargra áhrifavalda, kvikmyndatökur á þeirra vegum á Norðurlandi o.fl.

Flugklasinn stefnir að því að sækja meira leiguflug, svipað því sem Super Break og Voigt Travel eru að gera. Það styrkir áfangastaðinn og gerir hann meira aðlaðandi fyrir flugfélög til að setja upp áætluarflug hingað í framtíðinni.

Barátta fyrir uppbyggingu á flugvellið heldur áfram. Þar er flugstöðin okkar brýnasta mál, en einnig eru fleiri hlutir sem þarf að huga að. Staða Flugþróunarsjóðs er óljós eftir árið 2019, þar sem hann er ekki inni í Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og ekki öruggt að hann verði til staðar. Slíkt myndi verða rothögg fyrir uppbyggingarstarfið hér fyrir norðan og því gríðarlega mikilvægt að allir leggist á eitt til að tryggja að Flugþróunarsjóður verði áfram til staðar sem hvati til þess að opna þennan áfangastað.

Einnig eru fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi rekstrar flugvallarins, en áform stjórnvalda gera ráð fyrir að allir alþjóðaflugvellirnir fjórir muni sitja undir sama hatti hjá Isavia frá og með næstu áramótum. Hvað það þýðir nákvæmlega fyrir Akureyri liggur ekki fyrir, en líklegt er að ef að þessu verður þá sé framundan barátta til þess að fá hluta af fjármunum Isavia til uppbyggingar og markaðssetningar á Akureyrarflugvelli. Ef vel tekst til með því, ættu þessar breytingar að geta bætt mjög stöðu flugvallarins til framtíðar.

Akureyri, 31. mars 2019

Hjalti Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N